

þessa að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærðan til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmans, kr. 4.000.00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Þórisson, sæti fangelsi 4 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og niður falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. desember 1983.

Nr. 165/1983. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Einari Geirdal Guðmundssyni

(Ólafur Þorláksson hrl.)

Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu hefur að ósk ákærða verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. júní sl. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 28. október sl.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, hefur ákærði nú gert skil á bótum þeim, sem í héraðsdómi greinir.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi framið brot það, sem hann er saksóttur fyrir og varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða er með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Þar sem ákærði hefur ekki fyrr verið kærður fyrir hegningarlagabrot og hefur nú bætt tjón af brotum sínum, þykir rétt, að frestað verði fullnustu refsingar skilorðsbundið til 3 ára.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 8.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 8.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Geirdal Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 8.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar hæstaréttarlögmanns, 8.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 9. febrúar 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissóknara, dagsettu 29. mars sl., „á hendur Einari Geirdal Guðmundssyni Tjarnarlundi 12 E, Akureyri, fæddum þar í bæ 30. mars 1953, fyrir skjalfals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að falsna nafn Davíðs Gíslasonar sem útgefanda á 17 tékka, alls að fjárhæð kr. 8.300.- og nota tékkana alla nema einn til greiðslu á veitingum á veitingastaðnum H - 100 á Akureyri. Tékkarnir eru á eyðublöðum frá Útvegsbanka Íslands á Akureyri, gefnir út og notaðir 19. og 20. febrúar 1982, allir til handhafa með reikningsnúmeri 5434:

1. Nr. 373881, kr. 300.-, útgefinn 19. febrúar.
2. Nr. 373882, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
3. Nr. 373883, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
4. Nr. 373884, kr. 400.-, útgefinn sama dag.
5. Nr. 373885, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
6. Nr. 373886, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
7. Nr. 373887, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
8. Nr. 373889, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
9. Nr. 373890, kr. 500.-, útgefinn 20. febrúar

Greiðsla á veitingum í nætursölu Hótel Akureyrar, Hafnarstræti 98, Akureyri.

10. Nr. 373893, kr. 400.-, útgefinn 20. febrúar.
11. Nr. 373894, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
12. Nr. 373895, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
13. Nr. 373896, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
14. Nr. 373897, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
15. Nr. 373898, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
16. Nr. 373899, kr. 600.-, útgefinn sama dag.
17. Nr. 373900, kr. 600.-, útgefinn sama dag.

Þess er krafist, að ákærði verðir dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1980 26/3 á Akureyri: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi 1 ár frá 26/3 1980.

Málavextir.

Fimmtudaginn 25. febrúar sl. kom Jón B. G. Jónsson á lögreglustöðina á Akureyri þeirra erinda að kæra ávísanafals. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar lagði kærandi fram ávísun á reikning nr. 5434 í Útvegsbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, að upphæð kr. 500.00, útgefna þann 20. febrúar á handhafa, og var nafn útgefanda ritað Davíð Gíslason, nnr. 2495 - 1262, og var númer blaðsins 0373890.

Kærandi kvað ávísun þessa hafa verið notaða til greiðslu á vörum í nætursölunni, sem kærandi rekur, og hafi hann verið þar við afgreiðslustörf og sjálfur tekið við umræddri ávísun.

Kærandi kvaðst mundu þekkja mann þann aftur, er verslaði fyrir ávísunina, og hafi hann verið frekar lágvaxinn, rauðhærður og örvhentur og hafi

kærandi séð, er maður þessi fyllti út ávísunareyðublaðið í lúgunni á nætur-söllumni.

Kærandi kvaðst hafa farið með umrædda ávísun í Útvegsbankann og skömmu síðar fengið tilkynningu frá bankanum um, að ávísunin væri föls-uð úr stolnu hefti, og hafi hann því þurft að leysa ávísunina út aftur, og gerði hann þá kröfu, að hinn seki endurgreiddi sér andvirði ávísunarinnar ásamt dráttarvöxtum.

Nokkru síðar nefndan dag kom á lögreglustöðina Rúnar Gunnarsson f. h. veitingastaðarins H - 100, Hafnarstræti 100, Akureyri, og lagði hann fram kæru um ávisanafals. Kærandi lagði alls fram 15 ávisanir á Útvegs-bankann á Akureyri á reikning nr. 5434.

Númer nefndra ávisanablaða voru: Útgefin 19. febrúar nr. 373882 til og með 373887 og 373889, alls að upphæð kr. 3.700.00. Útgefin 20. febrúar nr. 373854 til og með 373900, alls að upphæð kr. 4.100.00, eða samtals báða dagana kr. 7.800.00.

Allar voru ávisanir þessar undirritaðar með nafninu Davíð Gíslason, og nafnnúmer á þeim flestöllum var 2495 - 1262.

Kærandi kvað ávisanir þessar hafa verið notaðar til greiðslu veitinga í H - 100 síðastliðna helgi, á föstudags- og laugardagskvöld, og hafi hann þurft að leysa þær allar út, þar sem þær væru falsaðar að sögn bankans.

Kærandi kvað starfsfólk í H - 100 nefnda daga ekki muna, hver hefði selt umræddar ávisanir.

Kærandi gerði þá kröfu f. h. H - 100, að hinn seki endurgreiddi kr. 7.800.00 ásamt hæstu dráttarvöxtum frá 25. febrúar til greiðsludags.

Fimmtudaginn 25. febrúar, um kl. 1800, var yfirheyður á lögreglustöð-inni á Akuryeri Einar Geirdal Guðmundsson, til heimilis að Tjarnarlundi 12 E, Akureyri, ákærði í máli þessu.

Samkvæmt staðfestum framburði kvaðst ákærði hafa verið við áfengis-neyslu föstudagskvöldið í vikunni áður. Hafi kunningi ákærða, Davíð Gíslason frá Berghóli, komið heim til hans og hafi þeir síðan farið heim til Davíðs. Ákærði kvaðst hafa séð ávisanahefti inni í bílskúr hjá Davíð, uppi á hillu að ákærða minnti, og hafi hann tekið heftið og haft á brott með sér, og kvaðst ákærði ekki halda, að hann hafi hugsað út í það, að Davíð ætti heftið.

Ákærði kvað þá Davíð hafa farið í H - 100 þetta sama kvöld og hafi hann í fyrstu greitt fyrir veitingar með eigin fé, en síðan með ávísunum úr nefndu hefti og hafi hann verið alldrukinn við þá iðju.

Ákærði kvaðst viss um, að Davíð hafi ekki verið kunnugt um, að hann hafi tekið heftið eða séð hann skrifa ávisanirnar í H - 100 þetta kvöld. Ákærði kvaðst ekki vita, hve margar ávisanir hann skrifaði út úr heftinu þetta kvöld.

Daginn eftir, laugardag, kvaðst ákærði hafa byrjað að neyta áfengis eftir hádegið og hafi hann farið ásamt Sigurði Sigurðssyni, Oddeyrargötu 5, í H - 100 og hafi hann haft sama hátt á og kvöldið áður, skrifað ávísanir á ótiltekinn fjölda fyrir veitingar þar á staðnum og verið drukkinn.

Ákærði kvaðst ekki muna til þess að hafa selt ávísanir á öðrum þeim stöðum en þegar eru nefndir, þ. e. H - 100 og nætursölu Hótel Akureyrar.

Ákærði man ekki glögglega, hvað af margnefndu ávísanahefti varð.

Ákærði kvaðst eiga eitthvað af peningum þeim heima hjá sér, sem hann fékk til baka við sölu ávísananna.

Um notkun nafns og reikningsnúmers Davíðs Gíslasonar kvaðst ákærði telja, að hvort tveggja hafi staðið í heftinu. Það hefði hins vegar ekki verið ætlun ákærða að svíkja þessa peninga út úr reikningi Davíðs, enda hafi hann notað nafnnúmer, sem var einhverjar tölur, sem hann hugsaði sér. Notkun nafns Davíðs kvað ákærði hafa átt sér stað í hugsunarleysi.

Ákærði kvaðst mundu skila peningum þeim, er eftir væru, á lögreglustöðina og endurgreiða andvirði hinna fölsuðu ávísana eins fljótt og hann gæti, en hann væri atvinnulaus sem stæði og lifði á sjúkradagpeningum og gæti því ekki nefnt ákveðna dagsetningu í þessu sambandi.

Föstudaginn 26. febrúar var ákærði enn yfirheyrður á lögreglustöðinni.

Samkvæmt staðfestum framburði kvaðst ákærði kannast við að hafa skrifað og notað ávísun þá, er honum var sýnd og var nr. 373890 á Útveggsbankann á Akureyri, útgefin á handhafa án ártals, nafn útgefanda Davíð Gíslason og nafnnúmer 2495 - 1262, að upphæð kr. 500.00.

Ákærði kannaðist við að hafa skrifað og selt ávísun þessa fyrir vörur í nætursölu Hótel Akureyrar aðfaranótt sl. laugardags, að því er hann minnti.

Ákærði kvaðst hafa verið töluvert drukkinn við þetta tækifæri. Hann kveðst munu greiða andvirði þessarar ávísunar, þegar hann hafi getu til.

Ávísanir þær, er ákærði skrifaði og notaði í H - 100 föstudags- og laugardagskvöldið 19. og 20. febrúar, voru sýndar ákærða á lögreglustöðinni á Akureyri föstudaginn 26. febrúar, og kvaðst hann kannast við að hafa falsað þær allar og notað til greiðslu á veitingum í H - 100 umrætt sinn.

Ákærði fór þennan sama dag heim til sín að Tjarnarlundi 12 E í fylgd rannsóknarlögreglumanna í því skyni að finna þá peninga, sem afgangs væru. Engir peningar fundust við þetta tækifæri, og kvað ákærði svo virðast sem hann hefði eytt þeim öllum.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða og framkomnum gögnum, sem samrýmast fyllilega öðru, sem fram er komið í málinu, þykir fullsannað, að ákærði hafi

gerst sekur um háttsemi þá, er honum er gefin að sök í ákæru og þar þykir réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Við ákvörðun refsingar ber annars vegar að skoða ákærða til hagsbóta hinn smávægilega sakaferil og hitt, að ákærði hefur án undanbragða gengist skilmerkilega við broti sínu.

Hins vegar ber að virða ákærða til þyngingar að því er séð verður augljósan og fullmótaðan ásetning til téðra falsana, sem þykir mega greina af athæfi ákærða laugardaginn 20. febrúar, þ. e. þegar hann hélt ótrauður áfram fyrri iðju við falsanir ávísananna, sem eftir voru í hefti Davíðs, til aukins tjóns fyrir kærundur í máli þessu, sem ákærða mátti vera ljóst, að þá þegar var allnokkuð orðið.

Líta ber og til þess, að ákærði hefur ekki reynst þess megnugur að endurgreiða andvirði hinna fölsuðu ávísana.

Á hinn bóginn þykir ekki mega telja sannað, að ákærði hafi ætlað að baka Davíð Gíslasyni tjón með notkun nafns hans og reikningsnúmers, og verður það athæfi ákærða því eigi metið til þyngingar við ákvörðun refsingar.

Með hliðsjón af framansögðu og 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 5. og 8. tl. sömu gr., þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Fjárkröfur þær, sem gerðar hafa verið, hefur ákærði samþykkt, og verða þær teknar til greina, þ. m. t. krafa um greiðslu hæstu leyfilegra dráttarvaxta frá 25. febrúar 1982 til greiðsludags.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Geirdal Guðmundsson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði nætursölu Hótel Akureyrar kr. 560.00 og veitingahúsinu H - 100 kr. 7.800.00, hvort tveggja með 4.5% dráttarvöxtum frá 25. febrúar 1982 til 20. apríl s. á., en með 4% dráttarvöxtum frá þ. d. til 31. október s. á., og með 5% dráttarvöxtum frá þ. d. til greiðsludags.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.